

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum um bókhald**  
**og reikningskil ferðaskrifstofa, nr. 1100/2005.**

1. gr.

Í stað orðanna „en áður skal hún“ í 2. másl. 2. mgr. 1. gr. reglnanna kemur: og er heimilt að.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. reglnanna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „lok 30. apríl“ í 1. mgr. kemur: 1. október.
- b. A-liður 1. mgr. orðast svo: Árituðum ársreikningi síðasta rekstrarárs skv. lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.

4. gr.

Í stað orðanna „skal hún“ í 1. másl. 6. gr. reglnanna kemur: er henni heimilt að.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

*Brynhildur Pálmarsdóttir.*